



Laufbladið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

15. árg. 2006 1.tbl

FJÓRAR Í SVARTÁRDAL

GRÆNN TREFILL RÆKTAÐUR
VIÐ KÓPASKER

HEIÐMÖRK – FJÖLSÓTT
ÚTIVISTARSVÆÐI

OPINN SKÓGUR Á
HOFSSTÖÐUM

KÍNARAUÐVIÐUR

MINNISVARÐAR Í
ÍSLENSKUM SKÓGUM

NESKAUPSSTAÐUR

NYTJASKÓGAR
– ÝMSAR HUGMYNDIR

RÚSSLANDSFERÐ Í HAUST

SKÓGRÆKTARNÁM VIÐ
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLANN

GRÆNI TREFILLINN

SKÓGARHÖGG Á
HALLORMSSTAÐ

FÉLAGSSKÍRTEINI
SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

SÍ AÐILI AÐ
EVRÓPUVERKEFNI UM
ÚTIVISTARSKÓGA

BIRKIÐ Í DRANGSHLÍÐ

SÞ HELGA ÁRIÐ 2006
EYÐIMERKURMYNDUN

SÓKNARHUGUR Á
GRUNDARFIRÐI

VÖKUNÓTT MARGRÉTAR
Í DALSMYNNI

FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUSTARF SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Góður stuðningur KB banka

Fylgstu með á www.skog.is og skráðu þig á póstlistann

Skógræktarfélag Íslands stendur fyrir fjölbreyttu fræðslu- og félagsstarfi. Skipuleggur félagið dagskrá sem hefst nú í vor og stendur út árið. Þetta starf félagsins nýtur stuðnings KB banka og gerir það félaginu kleift að miðla fræðslu til áhugafólks og efla félagsstarfið.

Einstakir liðir dagskrárinnar verða kynntir með fréttatilkynningum í fjölmiðlum og verður sett upp sérstakt svæði á www.skog.is þar sem dagskráin er kynnt jafnóðum. Eins hvetjum við fólk til að skrá sig á póstlista félagsins og fá þannig sendar tilkynningar um einstaka viðburði.

ÖFLUN NÝRRA FÉLAGSMANNA

Áfram verður unnið að söfnun nýrra félaga undir merkjum verkefnisins á “Grænni grein” sem skilaði góðum árangri í fyrra.

FRÆDSLUFUNDIR UM LANDIÐ

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands munu mæta til fundar við skógræktarfélag víða um land. Þessi fundir eru haldnir á vettvangi viðkomandi skógræktarfélags og kynntir þar.

OPIN HÚS

Opin hús skógræktarfélaganna verða haldin núna vor á þriðjudagskvöldum og hefjast klukkan 19.30. Að þessu sinni verða þau haldin í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskólans.

21. mars. Nýfundnalandferð Skógræktarfélags Íslands 2005. Einnig verður kynnt væntanleg ferð félagsins til Rússlands. Ragnhildur Freysteinsdóttir og Einar Gunnarsson.

11. apríl. Ný tré og gömul. Hér á landi vex mikill fjöldi trjátegunda sem lítill gaumur hefur verið gefinn, jafnvel þótt þau hafi vaxið hér áratugum saman. Einnig er unnið mikið starf í kynbótum. Þróstur Eysteinnsson, þróunarstjóri, Skógrækt ríkisins.

9. maí. Skógræktin í Stíflisdal. Karl Eiríksson og fjölskylda hans hefur stundað skógrækt í Stíflisdal um áratugaskeið. Þar hefur náðst frábær árangur, þótt aðstæður hafi verið erfiðar í upphafi, en ræktunarsvæðið er í um 200 metra hæð.

Karl, sem lengst af var forstjóri Bræðranna Ormson hf., hefur verið dyggur stuðningsaðili skógræktar í landinu.

SKÓGARGÖNGUR Í SUMAR

Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu vinna sameiginlega að framkvæmd verkefnisins um Græna trefilinn. Í sumar munu skógræktarfélagin

skipuleggja skógargöngur þar sem gengið verður eftir græna treflinum, frá norðri til suðurs. Gengið verður á fimmtudagskvöldum og hefjast göngurnar klukkan 20.00.

25. maí Skógræktarfélag Kjalarness

– Arnhamar, Blikdalur

1. júní Skógræktarfélag Kjalarness/Reykjavíkur/Mosfellsbæjar – Mógilsá/Mosfellsdalur

8. júní Skógræktarfélag

Mosfellsbæjar – Mosfellsdalur

15. júní Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

– Hamrahlíð, Úlfarsfell

22. júní Skógræktarfélag

Reykjavíkur – Austurheiðar

29. júní Skógræktarfélag

Reykjavíkur – Heiðmörk

6. júlí Skógræktarfélag Kópavogs

– Vatnsendi, Guðmundarlundur

13. júlí Skógræktarfélag

Garðabæjar – Uppland

20. júlí Skógræktarfélag

Hafnarfjarðar – Höfðaskógur

27. júlí Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

– Kaldársel, Skólalundur, Undirhlíðar

FRÆDSLUDAGSKRÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR, SKÓGRÆKTARFÉLAGS HAFNARFJARÐAR, SKÓGRÆKTARFÉLAGS EYFIRÐINGA

Þessi skógræktarfélag skipuleggja eigin dagskrá sem er kynnt á www.skog.is og með fréttatilkynningum.

SKÓGRÆKTARNÁMSKEIÐ FYRIR ÁHUGAFÓLK

Þessi námskeið verða haldin á svæðum skógræktarfélaganna: í Höfðaskógi í Hafnarfirði, Elliðavatni á Heiðmörk og í Kjarnaskógi, í samstarfi við viðkomandi skógræktarfélag. Þessi námskeið eru afar hagnýt fyrir sumarhúsaeigendur, landnema og annað áhugafólk. Stefnt er námskeiðum um grisjun skóga og almennu námskeiði um skógrækt fyrir áhugafólk og verða þau kynnt nánar í vor.

NÁMSKEIÐ BJÖRNS JÓNSSONAR – SKÓGRÆKT ÁHUGAMANNINS Undanfarin ár hafa verið haldin fjölsótt námskeið með Birni Jónssyni



fyrirv. skólastjóra en hátt í 2000 manns hafa sótt þessi námskeið. Haldin verða tvö námskeið í vor í húsi Skógræktarfélags Íslands. Námskeiðið tekur tvö kvöld og kostar kr. 5.500 á mann og felur í sér ítarleg námskeiðsgögn og kaffi. Haldin A. 25. og 27. apríl og B. 2. og 4. maí.

FJARNÁM Í SKÓGRÆKT

Námskeiðið er fólgið í verkefnum, sem þátttakendur fá send í tölvupósti og sækja á vefinn, ásamt ítarlegu fræðsluefni sem er samið sérstaklega fyrir námskeiðið. Á námskeiðinu er fjallað um skógræktarskilyrði, trjátegundaval, gróðursetningu, hjálparaðgerðir við gróðursetningu, umhirðu trjágróðurs, stiklinga, fræ og fræsöfnun svo nokkur helstu atriði séu nefnd. Þessi námskeið höfða til afar breiðs hóps ræktunarfólks, hvort sem um er að ræða fólk með stór eða smærri ræktunarsvæði. Vinsamlega hafið sambandi við Jón Geir, jgp@skog.is til að fá nánari upplýsingar. Námskeiðið kostar kr 5.900.

FERÐ TIL RÚSSLANDS

Ferðin er kynnt sérstaklega í blaðinu.

NÁMSKEIÐIÐ “SKÓGAR, SKJÓL OG SKIPULAG”

Námskeiðið er nánar kynnt í blaðinu.

FJÓSAR Í SVARTÁRDAL



Horft út Svartárdal frá áningastað á gamla bæjarsteðinu á Fjósum. Á gömlu túnunum er nú fjölbreyttur trjágróður (Mynd EG).

Skammt innan við Húnaver, í utanverðum Svartárdal er jörðin Fjósar. Jörðin er eign Skógræktarsjóðs Húnavatnssýslu, sem eignaðist jörðina upp úr 1970 en sjóðurinn er dánargjöf bræðranna Guðmundar M., Einars og Friðriks V. Björnssona, sem kenndir voru við Múla í Miðfirði. Sjóðurinn er í vörslu Skógræktarfélags Íslands, en í stjórn hans sitja Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri S.Í., Þorvaldur Böðvarsson formaður Skógræktarfélags V-Húnavetninga og Erla Hafsteinsdóttir á Gili í Svartárdal.

Skilyrði til skógræktar eru góð í Svartárdal. Dalurinn liggur nánast þvert á Langadal þannig að hafáttin nær ekki inn dalinn. Loftslag líkist meginlandsloftslagi með stillum og skörpum skilum milli sumars og vetrar. Á sumrum eru heitir dagar í Svartárdal tíðir á okkar mælikvarða. Búið er að gróðursetja í stóran hluta jarðarinnar, mest lerki, stafafuru og birki í hlíðunum en síðan fjölbreyttar tegundir í túnin næst aðkomunni.

Gömlu túnin og hlíðarfóturinn eru mjög frjósöm og eru nú eftir skógræktarstarf undanfarinna ára að klæðast fjölbreyttum skógi. Finna má fjölda trjátegunda í gamla túninu á Fjósum og meðal þeirra tegunda sem vaxa þar vel eru hengibirki sem víða hefur gengið erfiðlega að rækta hér á landi.

Nokkuð erfiðlega gekk þó að glíma við túnin fyrstu árin eða í raun þangað til sinan fór að kæfa grasið. Við það hefur lifun trjáplantna batnað til muna.

Til þeirra tíðinda dró í skógræktarsögunni á Fjósum að nú á aðventunni voru grisjuð jólatré úr skóginum eða um 90 úrvals stafafurur sem settar voru á markað í Reykjavík. Eins hafa heimamenn í Svartárdal sótt sér jólatré í skógin til eigin nota í samráði við umsjónarmenn.



Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands og smalahundurinn Depill glæðbeittir með stafafuruna og vetrarvegurðina á Fjósum í grisjuninni í vetur (Mynd EG).



Minnisvarði um bræðurna frá Múla í Miðfirði er á bæjarhólnum á Fjósum í Svartárdal. Á myndinni eru Ólafur Ásbjörnsson, garðyrkjufræðingur og Páll Samúelsson fyrrv. stjórnarformaður Toyotaumboðsins á Íslandi (Mynd EG).

GRÆNT BELTI UMHVERFIS KÓPASKER

Eitt af starfssvæðum Skógræktarfélags Norður Þingeyinga er á Kópaskeri. Skógræktarfélagið beitti sér fyrir því að nærumhverfi bæjarins væri tekið inn í Landgræðsluskóga-verkefnið í upphafi og hefur gróðursett og grætt upp land þar síðan.

Árangur þess hefur verið ágætur, sérstaklega skjólbeltaræktunarinnar og þau nú orðin áberandi við innkomuna í bæinn og skýla vel nærumhverfi sínu.

Eins hefur tekist að græða upp mest af sandsvæðunum.

Vilji stendur til þess að gera enn betur, víkka svæðin út og rækta mun umfangsmeira skjólbeltanet til þess að skýla byggðinni og fegra umhverfi bæjarins. Unnið er að áætlun um frekara skógræktarstarf á Kópaskeri, sem byggir á þeim ágæta árangri sem náðst hefur.

Elfar Árni Lund sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps og Friðgeir Rögnvaldsson standa hér við falleg skjólbelti í landgræðsluskóginum á Kópaskeri. Áætlunin er að rækta slík belti sem víðast umhverfis bæinn (Mynd JGP).



Er garðurinn þinn áburðarþurfi?



Áburðarverksmiðjan

Beinn sími söludeildar: 580 3232
www.aburdur.is

HÚSASMIÐJAN/BLÓMAVAL STYÐUR SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS MEÐ 1% AF ÖLLUM VIÐSKIPTUM MEÐ FÉLAGSSKÍRTEINUNUM Í VERSLUNUM FYRIRTÆKISINS

Ef þú framvísar félagsskírteininu í Húsasmiðjunni og Blómavali veita verslanirnar þér afslátt. En um leið greiða þær til viðbótar 1% af viðskiptunum til Skógræktarfélags Íslands til eflingar skógræktar í landinu.

Í grein, hér síðar, kemur fram að Húsasmiðjan veitir 11 % afslátt og Blómaval 10 % afslátt til félagsmanna gegn framvísun félagsskírteinis. Þess er þá ógetið - og kemur reyndar ekki fram á félagsskírteininum sjálfum - að þegar skírteininum er framvísað, þá veita fyrirtækin ekki aðeins áður nefndan afslátt, þau leggja einnig 1 % af upphaflegu verði vörunnar á reikning til styrktar skógrækt á vegum Skógræktarfélags Íslands!

Þetta er svo sannarlega eftirbreytnivert og hvetjum við félagsmenn til þess að versla í Húsasmiðjunni og Blómavali og nota félagsskírteinin. Það er öllum til hagsbóta!



Laufblaðið

Fréttablað, 15. árgangur 1. tölublað 2006.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands,
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150,
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Jón Geir Pétursson, skógfræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Jóhann Frímunn Gunnarsson og
Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands,

kjörin á aðalfundi 2005:
Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari. Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður Yngvadóttir. Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Páll Ingbór Kristinsson.

Gefið út í 8000 eintökum.

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt
tímarit fyrir alla
skóg- og trjáræktendur



Skógræktarritið er bæði fyrir lærða og leika. Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri Landverndar mælir óhiklað með því.

Skoðið áskriftartilboð á
www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.

Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF



KB BANKI



HÚSASMIÐJAN
www.husa.is



OPNIR SKÓGAR SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA: HOFSSSTAÐIR Í EYJA- OG MIKLAHOLSTHREPPI

Í síðasta Laufblaði var sagt frá því að Hofsstaðaskógur, svæði Skógræktarfélags Heiðsynninga, hefði verið opnaður formlega í fyrrasumar fyrir almenning undir merkjum verkefnisins Opinn skógur. Í kjölfar opunarinnar hefur verið mikið um heimsóknir í skóginn enda öll aðstaða orðin þar til fyrirmyndar.

Hvert svæði Opins skógar hefur sína sérstöðu og aðráttarafl. Eitt má til



Ljóðarjóðrið er góður staður til að setjast niður og lesa Vökunótt Margrétar í Dalsmynni (Mynd JGP).

dæmis finna í Hofsstaðaskógi sem ekki er annars staðar. Við aðalgöngu-stíginn í skóginum er rjóður sem kallast Ljóðarjóður, sem er nauðsynlegur áningarstaður þegar gengið er um skóginn. Þar er hægt að setjast á bekk og lesa ljóð Margrétar frá Dalsmynni; “Vökunótt.”

“Vökunótt” orti Margrét fyrir rúmlega hálfri öld og birtist það í Ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1953. Margrét segir að innblástur í ljóðið hafi hún fengið þegar hún vann að því að koma upp skógarreitunum ofan við bæinn í Dalsmynni. Á þeim árum var fjölmenni á heimilinu, en hún átti mörg börn og þegar búið var að koma öllum í háttinn og ganga frá eftir daginn, var oft orðið ansi áliðið. Á björtum vornóttum, að loknu amstri dagsins fór hún oft upp í hlíð til að sinna um skóginn, gróðursetja tré og hlúa að. Þar átti hún sitt athvarf frá erli dagsins og þar varð ljóðið góða til. Gróðurstörfin gátu tekið langan tíma þannig að oft ljómaði “morgunroði um slétta grund”.

Þetta ljóð er skyldulesning alls skógræktarfólks og sömuleiðis ættu þeir, sem ekki skilja inntak þess að hafa áhuga á skógrækt, endilega að lesa ljóðið. Jafnframt er það er eitt og sér ágætis erindi í Hofsstaðaskóg, að tylla sér í rjóðrinu og lesa það.



Aðkoman að Hofsstaðaskógi er ágæt (Mynd JGP).

Merki verkefnisins Opinn skógur er grípanði og lýsir vel því sem verkefnið vill ná fram, eða að skógurinn er opinn og aðgengilegur fyrir fólk til að njóta hvenær sem er. Svo skemmtilega vill til að höfundur merkisins, Ástþór Jóhannsson er íbúi í Eyja- og Miklaholsthreppi og næsti nágrenni við Hofsstaðaskóg sem nú bættist við Opinn skóg.

Svæði Opins skógare eru nú sjö talsins, Snæfoksstaðir í Grímsnesi, Daníelslundur í Borgarfirði, Hofstaðir á Snæfellsnesi, Tunguskógur við Ísafjörð, Hrótey í Blöndu, Eyjólfstaðir á Héraði og Sólbrennur á

Reykjanesi. Í sumar verður unnið af kappi við opnun fleiri svæða undir merki verkefnisins.

Það er metnaður skógræktarfélaganna í landinu að gera skógræktarsvæðin aðgengileg fyrir almenn- ing.



Birkitréð við Drangshlíð

Ofan á dranginum í Drangshlíð undir Eyjafjöllum er athyglisvert birkitré sem Laufblöðungur horfir gjarna eftir þegar hann ekur Suðurlandsveginn. Hvergi er birkiskóg að finna á stóru svæði með suðurströndinni og vekur þetta birkitré þarna ofan á dranginum því sérstaka athygli.

Eftir stutta eftirgrennslan hefur okkur ekki tekist að fá óbyggjandi upplýsingar um tilurð þessa birkitrés, hvort það

er leifar náttúruskóga eða hvort einhver hafi gróðursett það þarna uppi á klettinum og þá hvenær. Viljum við hjá Laufblaðinu biðja þá sem þekkja til að hafa samband ef þeir hafa upplýsingar um tilurð þessa trés.



Það er víða fallett undir Eyjafjöllum. Rauði hringurinn er dreginn utan um birkitréð ofan á klettinum. Ef einhverjir lesendum þekkja til þessa trés viljum við endilega fá þær upplýsingar (Mynd JGP).

MUN KÍNARAUDVIÐUR VAXA AFTUR Á VESTFJÖRÐUM, HVER VEIT?



Hér er kínarauðiður í fullum vexti við kaffihúsið í grasagarðinum í Uppsölum í Svíþjóð, gróðursettur árið 1979. Mun verða hægt að koma með þessa tegund aftur til Vestfjarða eftir um 14 milljón ára fjarvist !!! (Mynd JGP).

Laufblaðið hefur fjallað reglulega um áhugaverðar trjátegundir, gjarna tegundir sem til eru hér á landi, hafa vaxið vel en ekki verið gaumur gefinn af ýmsum ástæðum. Dæmi um slíkar tegundir eru douglasgreni, lindifura, blæsparbróðir og nú síðast lerkiblandingur Þrastar Eysteinssonar.

Kínarauðiður (*Metasequoia glyptostroboides*) er trjátegund sem ekki vex hér (lengur!). Henni tengist hins

vegar áhugaverð saga sem gerir tegundina spennandi í okkar samhengi, saga sem gerist á nokkrum mismunandi stöðum!

Vestfirðir

Byrjum ferðina vestur á fjörðum. Á skrifstofu Skjólsskóga á Þingeyri er alveg magnaður steingervingur. Það er kolaður drumbur, hluti trjábols úr skógum sem hér uxu fyrir 14-15 milljónum ára og finnast kolaðir í jarðlög-



um víða á Vestfjörðum. Þessi drumbur hefur verið rannsakaður af steingervingafræðingum og er niðurstaðan sú að þetta sé væntanlega tegund af ættkvíslinni *Metasequoia*. Við breytingar í loftslagi dóu þessar tegundir út hér á landi.

Kína


Næsti áfangastaður er Kína. Árið 1940 fundust í afskekktum og einangruðum dal þar í landi tré sem enginn þekkti. Reyndust þetta vera örfá tré af *Metasequoia* sem virðast hafa einangrast þar og einhvernvegin tórt, þrátt fyrir að tegundin hafi annars dáið út í heiminum. Þróunarsögulega voru þetta stórtíðindi sem líkja má við að fundist hefðu lifandi risaeðlur, sem hefðu sloppið undan útrýmingu. Þessi örfáu tré eru friðuð og ekki aðgengileg almenningi. Hefur tegundin verið kölluð Kínarauðiður á íslensku.

Grasagarðar í norður Evrópu

Þessum trjám hefur síðan verið fjölgað í smáum stíl og eru eintök nú í ýmsum grasagörðum og merkilegt er að í görðum í norður Evrópu hefur hún vaxið afburða vel. Í trjásafninu í Hörsholm í Danmörku, Glasgow í Skotlandi og Lundi í Svíþjóð eru vöxtuleg eintök Kínarauðiðar. Laufblöðungur skoðaði falleg eintök af Kínarauðiði í grasagarðinum í Uppsölum í Svíþjóð í sumar þar sem hann vex vel og hefur náð góðum þroska. Fræ er enn torfengið af Kínarauðiði.

Aftur á Vestfjörðum?

Þessi frábæri vöxtur í grasagörðunum og áfallalaus ræktun um árabíl vekur upp áhuga á því að fá þessa tegund “aftur” til landsins. Laufblöðungur hafði samband við Þröst Eysteinsson hjá Skógrækt ríkisins vegna þessa. Hann hafði þessa skoðun á málinu: “Ég hef heyrt að kínarauðiður hafi aðeins verið fluttur inn en gefist illa. Ég myndi endilega vilja prófa hann betur hérlandis og hef spurst fyrir um fræ, en þau tré sem til eru á Vesturlöndum, t.d. í Hörsholm, trjásafninu í Danmörku, eru enn ekki farin að bera fræ að ráði þótt þau séu orðin ótrúlega stór miðað við aldur. Kínarauðiðir í Kew eru meðal hæstu trjáa þar þótt þau séu aðeins tæplega 60 ára gömul og því algjör unglömb miðað við önnur tré þar.”



Steingervingurinn við skrifstofu Skjólsskóga á Vestfjörðum hefur verið greindur sem “*Metasequoia*” og aldursgreindur 14-15 milljóna ára gamall (Mynd JGP).

SKÓGRÆKTARFÉLAG BORGARFJARÐAR TEKUR AÐ SÉR UMSJÓN SKÓGLENDA Á GRUNDARTANGA

Nýlega gekk Skógræktarfélag Borgarfjarðar frá samningi við Grundartangahöfn um umsjón með skóglendum á landi hafnarinnar, umhverfis stóriðjufyrirtækin og höfnina á Grundartanga.

Þessi skógrækt hefur tekist vonum framar og eru núna að vaxa úr grasi skógar á tugum hektara lands sem

blasa orðið við vegfarendum þegar ekið er eftir þjóðvegi 1. Þarna hefur verið plantað töluvert miklu undanfarin ár, mest af alaskaösp sem hefur vaxið þarna feikna vel. Tekur skógræktarfélagið að sér að annast grisjanir á svæðinu og aðra skógstjórn til framtíðar, sem meðal annars tekur mið af aukinni fjölbreytni á svæðinu og bættu aðgengi.



Umhverfis Grundartangahöfn eru þú að vaxa úr grasi umfangsmiklir skógar, sem Skógræktarfélag Borgarfjarðar tekur að sér að annast í samstarfið við Hafnasamlagið (Mynd JGP).

NÝ NÁMSBRAUT Í SKÓGFRÆÐI OG LANDGRÆÐSLU VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLANN

Ný námsbraut í skógfræði og landgræðslu tekur formlega til starfa við Landbúnaðarháskóla Íslands í haust undir stjórn nýráðins prófessors í skógfræði, Bjarna Diðriks Sigurðssonar. Þetta er þriggja ára háskólanám til BS gráðu. Í náminu er fléttað saman námsgreinum á sviði skógfræði, landgræðslu, náttúruvísinda, landslagsfræði og rekstarfræði.

Lögð er áhersla á að veita nemendum traustan vísindalegan grunn og um leið að búa þá sem best undir störf sem stjórnendur, fræðimenn eða sjálfstæð-

ir atvinnurekendur. Nemendur geta valið á milli tveggja áherslulína innan námsins, skógfræði eða landgræðslu, auk þess sem tæplega 1/3 námsins eru valfög sem gerir nemendum kleift að efla sig á þeim sviðum sem þeir hafa mestan áhuga á sjálfir. Námið fer að mestu fram á Hvanneyri, en verið er að huga að möguleikum til fjarnáms, en endanleg ákvörðun um það liggur ekki enn fyrir.

Hin nýja námsbraut kemur í kjölfar þess að gerður var sérstakur samstarfs- samningur á milli Landbúnaðarháskólans og Skógræktar ríkisins um aukna áherslu á kennslu og rannsóknir á sviði skógfræði við skólann. Skógrækt ríkisins býður fram rannsóknaaðstöðu, fagþekkingu og kennslukrafta og fær á móti margar fúsar hendur námsmanna til að vinna minni rannsóknaverkefni eða jafnvel að ljúka meistaraþráðu á þeirra fagsviði. Unnið er að svipuðu samkomulagi við Landgræðslu ríkisins. Að sögn Bjarna Diðriks, þá mun þetta gjör-

breyta allri aðstöðu til að byggja upp metnaðarfullt nám við háskólann.

Eins og lesendur Laufblaðsins þekkja þá hafa umsvif skógræktar og landgræðslu verið að aukast mikið undanfarin ár. Þetta er mikilvæg viðbót við það góða og óeigingjarna starf sem fjölmörg skógræktarfélag hafa unnið og eru að vinna í landinu.

Með auknum umsvifum í skógrækt og landgræðslu hefur þörf fyrir fólk með trausta fagþekkingu á þessu sviði stórkost. Einnig eru að verða til lítil fyrirtæki sem sérhæfa sig á þessu sviði og selja þjónustu sína til bænda, sveitarfélaga og annarra landeigenda. Námið sem Landbúnaðarháskólinn býður upp á er þverfaglegt og nýtist einkar vel til starfa hjá hinu opinbera (millistjórnendur) eða til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi innan græna geirans. Að auki er boðið er upp á tveggja ára einstaklingsmiðað viðbótarnám til meistaraþráðu t.d. með áherslu á rannsóknir, skipulag skógræktar eða landgræðslu.



Nemendur við Landbúnaðarháskólann þjálfa sig í að gera grisjunaráætlan fyrir 50 ára gamlan rauðgreniskóg í Skorradal.



Nemandi við Landbúnaðarháskólann lærir að mæla trjáhæð með hornamæli í 50 ára gömlum rauðgreniskógi í Skorradal.

Hvernig færðu meiri upplýsingar um námið?

Frekari upplýsingar um skipulag námsins árin 2006-2009 má nálgast rafrænt á www.lbhi.is (nám) eða fá sent bréfleðið frá Bjarna Diðrik (bjarni@lbhi.is) eða í síma 843 5342.

Hægt er að sækja rafrænt um námið undir www.lbhi.is (nám).

HEIÐURSVARÐAR Í SKÓGUM LANDSINS



Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í ágúst 2005 var ræktunarsvæði Skógræktarfélags Heiðsynninga í Hrossholti í Eyja- og Miklaholtshreppi nefnt Margrétarlundur til heiðurs sómakonunnar Margrétu Guðjónsdóttur í Dalshlí. Margrét er formaður félagsins og óttul baráttumaður fyrir aukinni skógrækt í landinu (Mynd JGP).

Heiðursvarðar er hugtak, sem notað er yfir minnisvarða sem eru reistir til heiðurs ákveðnum einstaklingum. Slíkir minnisvarðar eru fjöldamargir í íslenskum skóglendum, ekki síst á vegum skógræktarfélaga og Skógræktar ríkisins.

Slíkir heiðursvarðar eru oft tengdir einhverjum frumkvöðlum eða velunnurum ræktunar á ákveðnu svæði, sem viðkomandi umsjónaraðili hefur talið viðeigandi að minnast með þessum hætti. Í sumum tilvikum ber síðan ræktunarsvæðið nafn einhvers einstaklings.

Skógræktarfélag Íslands hefur áhuga á að safna saman upplýsingum um þessa áhugaverðu þætti skógræktarsögunnar og fá yfirsýn yfir umfangið. Höfum við þá þegar vitneskju um nokkra tugi slíkra heiðursvarða.

Viljum við hvetja alla sem vita um slíka heiðursvarða að taka af þeim mynd og senda til Jóns Geirs Péturssonar skógfræðings. Best er að það sé stafræn mynd og hún send á netfangið jgp@skog.is. Þetta geta verið afar áhugaverðar upplýs-



Í Litla Skarði, jörð Skógræktar ríkisins í Borgarfirði er þessi glæsileg minnisvarði um Ragnar Pálsson, en dánargjöf hans var notuð til að kaupa jörðina og hefja þar skógrækt (Mynd JGP)

ingar um menningarsögu þjóðarinnar sem við hjá Skógræktarfélagi Íslands höfum metnað til að halda saman.

NYTJASKÓGAR – “FLEIRA ER MATUR EN FEITT KET”

Þegar rætt er um nytjaskóga, lifna í hugum margra myndir af stórvöxnum trjám, sögunarmillum og pappírsverk-smiðjum. Ekki má gleyma því að nyt geta einnig verið í smærri mælikvarða og takmarkast þá í raun einungis við hugmyndaflug viðkomandi. Viljum við stuðla að því að opna augu lesenda Laufblaðsins fyrir óendalegum mögu-leikum þess að nýta þann trjávið sem fellur orðið til í sumarbústaðalöndum og skógræktarsvæðum um allt land.

Laufblöðungur hefur rekist á marga skemmtilega hluti og langar að miðla lesendum með nokkrum myndum.



Á Norðurlöndunum er mikil hefð fyrir því að nota grannvaxinn grisjunarvið í girðingar. Slíkar girðingar setja oft mikinn svip á sveitir, ekki síst í Svíþjóð og Þýkja mikil þrýði. Þessar girðingar eru frekar auðveldar í uppsetningu og viðhaldi, en í þær eru notaðar grannar spírur. Venjan er sú að binda þær saman með næfrum eða mjúkum víðisprotum, en í seinni tíð er orðið algengt að gera það með vír. Birtum við myndir af svona girðingum hér og hvetjum áhugasama til að prófa að setja upp svona girðingar, til dæmis við sumarbústað eða útivistarskóg og senda okkur síðan línu og mynd með árangrinum til að birta í næsta blaði (Myndir JGP).



Í Stykkishólmi býr Trausti Tryggvason handavinnukennari og hefur hann hannað og smíðað fullt af sniðugum hlutum úr skóginum, en Trausti er formaður Skógræktarfélags Stykkishólms. Okkur hér hjá Laufblaðinu finnst fugla-húsin litlu úr íslensku birki sérlega flott, svo og þessir litlu sveppir og skógarálfrar sem allir geta lært að tálga. Trausti heldur úti heimasíðunni www.simnet.is/skogar þar sem ýmislegt fleira áhugavert er að finna (Myndir TT).



Laufblöðungur átti einnig erindi til Afríku fyrir skömmu, nánar tiltekið til Úganda. Þar framleiða hugvitsamir heimamenn sófasett úr grannvöxnum grisjunarviði, líkt og við eigum orðið ógrynni af hér á landi. Þessi sett eru mjög þægileg og gott að sitja í þeim. Þetta er alveg upplagt fyrir íslenska handverksmenn að framleiða og selja, ekki síst til notkunar á sólþöllum og í sumarhúsum. Auðvelt er að taka sessurnar af og setja inn ef rignir og eins að spretta áklæðinu af og setja í þvottavél (Mynd JGP).



Laufblöðungur brá sér til Svíþjóðar til að skoða nýjstu herrafatatískuna og rakst þar þennan klæðilega alfatnað. Fötin eru öll úr birki, að mestu berki. Ekki fer þó sögum af því hversu þægileg þau eru (Mynd JGP).



Á Kópaskeri hefur Guðmundur Örn Benediktsson búið til ýmsa skemmtilega hluti. Þó ekki vaxi stórvaxnir nytjaskógar í bænum vex þar töluvert að alaska-víði sem hægt að nota til fjölbreyttra hluta. Guðmundur Örn hefur til dæmis hannað og smíðað þessi skemmtilegu blóm úr alaskavíðinum, en hann er afar gott að vinna (Myndir JGP).

NÝ STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAGS NESKAUPSSTAÐAR

Sl. haust tók ný stjórn við taumunum hjá Skógræktarfélagi Neskaupsstaðar. Félagið var stofnað árið 1950 og var þegar hafist handa við að girða af væntanlegt skógræktarland á Hjöllum ofan bæjarins. Þar er nú vöxtulegur skógur sem er vinsæll til útivistar. Helstu trjategundir eru birki, sitkagreni, stafafura, rauðgreni og lerki, en einnig vex þar skógarfura, lindifura, fjallapínur og alaskaösp. Hæstu trén eru nú orðin meira en 10 m há. Mikið fuglalíf er í skóginum og ganga má að rjúpum vísum þar.

Meðal þess sem hin nýja stjórn vill leggja áherslu á, er grisjun og umhirða skógarins og að bæta aðgengi um hann

með því að endurbæta göngustíga og leggja nýja.

Einnig stendur til að auka gróðursetningu ofan byggðar og verður settur kraftur í það, þar sem brátt sér fyrir endann á framkvæmdum við snjóflóðavarnarmannvirki. Það er því mikill hugur í Norðfirðingum.

Nýrri stjórn bíða mörg spennandi verkefni, en mikil auðlind felst í því að eiga um hálfra aldar gamla skógararteiga og nóg af aðliggjandi landi til að klæða skógi.



Anna Bergljót Sigurðardóttir formaður, Gunnar Ólafsson ritari, Sigurborg Hákonardóttir gjaldkeri, Kristín Ágústsdóttir varaformaður og Benedikt Sigurjónsson meðstjórnandi.



Benedikt Sigurjónsson í jaðri Hjallaskógar sem á rætur að rekja til upphafsára Skógræktarfélags Neskaupsstaðar sem stofnað var 1950. Benedikt man vel eftir fyrstu árunum og hefur lengi tekið virkan þátt í skógræktarstarfinu (Mynd EG).

ÁHUGAVERT NÁMSKEIÐ

Skjól, skógur og skipulag
(Landscape and Shelterwood)

Endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands vill vekja athygli á nýju námskeiði í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands sem haldið verður á Hvanneyri nú í apríl.

Námskeiðið er einkum ætlað skógræktarfólki, landslagsarkitektum, skipulagsfræðingum, náttúrufræðingum, garðyrkjufraðingum og umhverfisstjórnendum. Námskeiðið fer fram á ensku.

Við skipulag skógarsvæða er mikil vægt að þekkja samspil vinda, landslags og skjóls. Vaxandi áhugi og athygli beinist að þessum þáttum þegar um skógræktarframkvæmdir og skjólbeltaframkvæmdir er að ræða. Mikil vægt er að auka þekkingu fræðimanna jafnt sem áhugamanna á þessu samspili skjóls, skóga og skipulags hvort sem um er að ræða í dreifbýli eða í þéttbýli.

Á námskeiðinu verður því m.a. fjallað um áhrif veðurfars, skjólmyndun, uppbyggingu skjólbelta, hönnun í sátt við umhverfið, líffræðilegan og jarðfræðilegan fjölbreytileika og menningarlandslag.

Kennari er Dr. Alexander (Sandy) Robertsson M.Sc., D.Phil (Oxon). Sandy kom fyrst til Íslands árið 1963 og hefur verið ráðgjafi í mörgum skógræktarverkefnum hér á landi m.a. asparverkefni í Gunnarsholti og Skjólaskógum á Vestfirðum. Einnig hefur hann verið gestaprófessor á námskeiðum við Landbúnaðarháskóla Íslands sl. tvö ár.

Sandy er Skoti en hefur búið og starfað í áratugi á Nýfundnalandi. Hann er skógræðingur að mennt (PhD) og hefur unnið bæði fyrir ríkisskógrækt




Sandy, leiðbeinandi á námskeiðinu, býr á Nýfundanlandi og var leiðsögumaður í ferð Skógræktarfélags Íslands þangað sl. sumar. Hann hefur yfirburðar þekkingu á samspili skóga og skjóls og mikill fengur að fá hann hingað til lands til að halda námskeið. Hér er Sandy við Fagureyjarsund á vesturströnd Nýfundalands og sést í átt að Labrador. Þar stóð reyndar til að grafa göng á sínum tíma, en þarna á milli eru einungis um 15 kílómetrar (Mynd JGP).

ina í Kanada sem og verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Áhugasvið hans er áhrif vinds, skjólmyndun við þéttbýlið og skjólbelti og landslag.

Tími: Þriðjudagurinn 4. apríl kl. 10:00-18:00 og miðvikudagurinn 5. apríl kl. 9:00-17:00 á Hvanneyri (21 kennslustund). Verð: 23.900 kr. (gisting og kvöldmatur er ekki innifalið).

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskólans www.lbhi.is eða www.skog.is. Einnig má skrá sig í síma 433 5000.

Víða eru áhrif vinds mikil á trjágróður á Nýfundanlandi. Hér sést vind-sorfið hvítgreni og balsamþinur nærri ströndinni. Svipað sjáum við víða næst ströndinni hér á Íslandi, enda er margt líkt með þessum tveimur eyjum í norður Atlandshafinu og því afar áhugavert að fá sérfræðing eins og Sandy Robertsson til að koma hingað og kenna fólki (Mynd JGP).



Alvöru trjáskurlari

Léttu þér lífið í grísininni

Notaðu kurlaðu garðinn

Kurlar niður 30 cm þykka stofna

Trjáskurlari sem hægt er að draga með venjulegum fólksbíl. Einstaklega hentugur þegar kurla þarf stærri greinar og tré. Fyrir allt að 30 cm þykka stofna. Eina tæki sinnar tegundar hér á landi sem kurlar svo efnismikla stofna.

Leiga á vinnuvélum hentar vel fyrirtækjum, verkstökum, iðnaðarmönnum og einstaklingum sem þurfa að leysa tímabundna tækjabörf án þess að fara út í mikla fjárfestingu. Stöðugt bætast við ný tæki og er markmið okkar að bjóða upp á sérhæfð tæki og búnað.

KRAFTVÉLALEIGAN
-alvöru vinnuvélaeiga

Krafhellur ehf. · Dólvogi 4-8 · 201 Kópavogur · Sími 535-3500 · Fax 535-3519 · WWW.KRAFTVELALEIGAN.IS

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjólgröfur
- Traktorsgröfur
- Skotbómulyftarar
- Jarðvegsfærðibönd
- Beltavagnar
- Kurlarar
- Flutningabíll m/krana

GALLUPKÖNNUN: HEIÐMÖRK, ÚTIVISTARSKÓGUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR ER VINSÆLT ÚTIVISTARSVÆÐI

Nýlega lét Umhverfissvið Reykjavíkurborgar kanna hversu oft Reykvíkingar færu á nokkur stærstu útivistarsvæði borgarinnar og hvernig þeir notuðu svæðin. Staðirnir sem spurt var um voru Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðaárdalur. Könnunin sem IMG Gallup gerði, var framkvæmd í gegnum síma 3.-17. nóvember sl. en úrtakið var alls 1.400 manns á aldrinum 16-80 ára, handahófsvalið úr þjóðskrá. Endanlegt úrtak var 1.251 og svarhlutfall 54%.

Könnunin var í raun þríþætt; í fyrsta lagið að fá fram fjölda Reykvíkinga sem sækir skóglendin heim, í öðru lagi að greina hverjir þeir eru sem koma og í þriðja lagi að afla upplýsinga um hvað það er sem þeir gera í skógunum.

Helstu niðurstöður voru að tæplega 32% borgarbúa fara þrisvar eða oftar á ári í Heiðmörk. Rúmlega 11% fara þrisvar eða oftar á útivistarsvæði við

Rauðavatn og 45% borgarbúa fara þrisvar eða oftar á ári í Elliðaárdalinn sem var vinsælasta svæðið í könnuninni.

Samkvæmt þessu heimsækja um 28.000 Reykvíkingar Heiðmörk mánaðarlega og ef þessar niðurstöður eru yfirfærðar á alla aðra íbúa höfuðborgarsvæðisins er hægt að leiða að því líkur að um 40-50.000 manns komi á svæðið samtals á mánuði. Það gera 500.000-600.000 gesti árlega eða um 1.500 manns að jafnaði á dag. Könnunin staðfestir þannig að Heiðmörk er afar vinsælt útivistarsvæði.

Samkvæmt könnuninni virðist fólksækja Heiðmörk óháð búsetu í borginni og aldri. Heiðmörkin höfðar þannig til breiðs hóps fólks og var ekki marktækur munur á efnahag og menntun gesta.

Í könnuninni var einnig kannaður tilgangur ferða í Heiðmörk. Langflest-



Heiðmörk er eitt vinsæla útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Samkvæmt könnuninni heimsækja um 28.000 Reykvíkingar svæðið á mánuði, langflestir til þess að ganga eða skokka eða stunda útivist með fjölskyldunni. Séu þessar tölur yfirfærðar á alla íbúa höfuðborgarsvæðisins, sem eru um 2/3 af íbúafjölda Reykjavíkur, er hægt að áætla fjölda gesta á Heiðmörk um 40.000-50.000 á mánuði. Eitt af því sem er vinsælt á Heiðmörk er stafganga (Mynd Herdís Friðriksdóttir).

ir kváðust nota svæðið til göngu eða hlaupa, eða 66,3%, þá sögðust 22% stunda útivist með fjölskyldu og vinum, 18% fóru í bíltúra, 11,5% stunduðu náttúruskoðun og 13% gerðu ýmislegt annað, t.d. tíndu sveppi, stunduðu útreiðar, hjóluðu eða viðruðu hunda sína.

Tilgangur könnunarinnar var sá að fá tölur um hversu margir sæktu útivistarsvæði borgarinnar. Vitað er að margir fara í Heiðmörk en áhugavert var að fá það staðfest í tölum hversu margir fara þangað og hvernig svæðið er nýtt. Könnunin náði einungis yfir íbúa Reykjavíkur en á næstu vikum verður sama könnun lögð fyrir íbúa annarra bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

og mun þá fást betri mynd af nýtingu svæðisins meðal fólks utan borgarinnar, en ljóst er að Heiðmörk er vel sótt af íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Könnuninni er ætlað að styðja við stefnumótun Reykjavíkurborgar í útivistarmálum og mun verða tekið tillit til niðurstaðna hennar við uppbyggingu á Heiðmörk.

Greinilegt er að stór og fjölbreyttur hópur fólks sækir Heiðmörk heim og er það vilji Skógræktarfélags Reykjavíkur að koma til móts við þarfir sem flestra. Svæðið er stórt og býður upp á fjölmarga möguleika, en mikilvægt er að félagið kanni vilja almennings áður en farið er í framkvæmdir.



Bærinn Elliðaavatn hýsir skrifstofu Skógræktarfélags Reykjavíkur (Mynd JFG).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Kópasker

Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

Þórshöfn

Þórshafnarhreppur, Fjarðarvegi 3

Bakkafjörður

Skógræktarfélagið Lurkur, Bæjarási 1

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Austur-Hérað - umhverfissvið, Lyngási 12

Betri flutningar ehf, Miðási 19

Héraðsskjalasafn Austfirðinga,

Laufskógum 1

Reyðarfjörður

Hólmar ehf, húsgagnaverslun, Austurvegi 29

Neskaupstaður

Tónspil, Hafnarbraut 17

Laugarvatn

Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Höfn

Skinney - Þinganes hf, Krossey

Sparisjóður Hornafjarðar og

nágrennis, Hafnarbraut 36

Sveitafélagið Hornafjörður,

Hafnarbraut 27

Selfoss

Búnaðarfélag Biskupstungna, Dalbraut 1

Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Stærribæ

Búnaðarsamband Suðurlands,

Austurvegi 1

Garðyrkjustöðin Furubrún,

Reykholti, Biskupstungum

Selfossveitur bs, Austurvegi 67

Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56

Sunnlenska fréttablaðið, Austurvegur 22

Umhverfisdeild Árborgar,

Austurvegi 2, Ráðhúsi

Verkfræðistofa Guðjóns,

Austurvegi 44

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum

Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38

Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10

Hveragerðisbær, Sunnumörk 2

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hella

Rangárþing - Ytra, Laufskálum 2

Sæberg ehf bifreiðaverkstæði, Lyngási

Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3

Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri

Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4

Skógræktarfélagið Mörk, Prestbakkakoti

Vestmannaeyjar

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar

ehf, Kirkjuvegi 23

Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu

ÁRIÐ 2006 HELGAÐ EYÐIMÖRKUM OG EYÐIMERKURMYNDUN

Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að helga árið 2006 eyðimörkum og eyðimerkurmyndun. Þetta var tilkynnt í lok síðasta árs.

Eyðimerkurmyndun er gríðarlegt vandamál í heiminum og ógnar lífsafkomu milljóna manna. Jafnframt er skógeyðing enn gífurlega hröð, en um 0.8% skóga Afríku er nú eytt árlega og landeyðing er talin hafa áhrif á um 1/3 yfirborðs jarðarinnar.

Með tilnefningunni vilja samtökin draga athygli að þeim mikla vanda sem



Gróðureyðing í þriðja heiminum er oft knúin áfram af allt öðrum öflum en fátækum smábændum. Hér er verið að eyða stórum skógvöxnum svæðum fyrir plantekrulanðbúnað. Mikilvægt er að greina orsakir landeyðingar rétt (Mynd JGP).

fjölmörg ríki standa frami fyrir í kjölfar gróður- og jarðvegseyðingar. Þessi vandi leiðir af sér fæðuskort og skerta lífsafkomu, fátækt og í verstu tilvikum hungursneyðir líkt og nú er mikið í fréttum að séu í uppsiglinu á þurrka-svæðum í Austur-Afríku. Í kjölfarið eru ölga og ófriður, bæði innan ríkja og á milli ríkja algeng.

Þrír einstaklingar munu verða sérstakir talsmenn þessa árs á vegum Sameinuðu þjóðanna eða þau Wangari Maathai, friðarverðlaunahafi Nóbels frá Kenía, Cherif Rahmani, umhverfisráðherra Alsír og búlgarski knattspyrnukappinn Hristo Stoitchkov. Sérstök vefsíða hefur verið sett upp til kynningar með slóðinni, www.iydd.org.

Við Íslendingar erum aðilar að Eyðimerkursamningi Sameinuðu þjóðanna, en sá samningur hefur nú fengið verulega mikið aukið alþjóðlegt vægi með nýjum fjárveitingum frá Umverfisfjármögnunarsjóðnum GEF (Global Environmental Facility).

Það er mikilvægt að við vekjum athygli á þessu hér á landi, en hér hefur átt sér stað gífurleg gróður- og jarðvegseyðing eins og allir lesendur Laufblaðsins vita. Sem betur fer eru Íslendingar almennt orðnir meðvitaðir um þennan



Landeyðing kemur sér yfirleitt verst fyrir fátækustu íbúa þróunarríkjanna enda eru þeir háðir því sem landið gefur. Þessi fjölskylda í SV Úganda eru dæmigerðir afrískir smábændur, sem lifa af sjálfsþurftarbúskap. Gróður- og jarðvegseyðing hefur bein áhrif á lífsafkomu og velferð þeirra (Mynd JGP).

vanda og skipulega er nú tekist á við að leysa hann.

Mikilvægt er fyrir okkur að hugleiða, hvort ekki sé komið að okkur að miðla

þekkingu og fjármunum á þessu sviði til þeirra þjóða sem minni ráð hafa á að takast á við þennan vanda heldur en við.

HALLORMSSTAÐUR

Stóra grenitilraunin frá árinu 1958 grisjuð og mæld

Er Laufblöðung bar að garði á Hallormsstað í byrjun þorra var grisjun í fullum gangi skammt innan við Hafursá ofan Langasands á bökkum Lagarins. Þar voru að verki starfsmenn Skógræktar ríkisins, en skógarhögg er umfangmikill þáttur í umhirðu skógarins. Hefur Skógrækt ríkisins komið sér upp ágætum tólum og tækjum til þess að grisja skóginn og ná efninu út úr honum og er nýjasta viðbótin þessi timburvagn sem sést hér á myndinni.



Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri var skógarvörður á Hallormsstað þegar stóra grenitilraunin var sett út árið 1958. Hér skoðar hann ummerki eftir "piltana sína", sýnilega ánægður með árangurinn enda má nú "sjá skóginn fyrir trjánum". Skógurinn mun áfram verða uppspretta þekkingar og lífbreytileika (Mynd EG).

Með aukinni skógrækt á Héraði er skógarnýting að verða verulegur atvinnuvegur á svæðinu.

Teigurinn sem skógarhöggmennirnir voru að grisja í vetur er merkilegur. Þar var árið 1958 gróðursett samanburðartilraun, sem samanstóð af tólf kvæmum af rauðgreni, tveim hvítgrenikvæmum og tveim kvæmum af hvítsitkagreni (sitkabastarði) frá Ke-naiskaga í Alaska eða frá Lawing og Seward.

Samskonar tilraun var gróðursett á Vöglum í Fnjóskadal, Stálpastöðum í Skorradal og Haukadal í Biskupstungum. Á Hallormsstað tókst vel til með að finna einsleitt land undir þessa tilraun og ætti samunburðurinn á milli

tegunda og kvæma því að vera vel marktækur. Landið myndi þó teljast heldur rýrt fyrir þessar grenitegundir.

Þrátt fyrir um 50 ára aldur og upphafsbéttleika um 7000 tré á hektara hafa tilraunaskógarnir aldrei verið grisjaðir. Af þeim sökum var ákveðið að grisja duglega og taka út um 60% af trjánum.

Fylgst hefur verið með tilrauninni í gegnum tíðina og hefur hún verið reglulega mæld. Lengst af hefur Þórarinn Benedikt, skógfræðingur á Rannsóknastöð Skógræktar, Mógilsá, séð um mælingar en Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður á Heiðmörk mældi hvert tré og bar saman tilraunirnar á Hallormsstað og á Stálpastöðum í loka-

verkefni hans í skógfræði við skógræktarskólann Ekenes í Finnlandi.

Ýmsar áhugaverðar niðurstöður hafa fengist í tilrauninni. Hvað vöxt og vaxtarlag varðar ber hvítsitkagrenið af. Hvítgrenið vex fremur hægt og hefur orðið fyrir áföllum m.a. af völdum sitkalúsar. Talsverður kvæmamunur kemur fram í rauðgreni, en kvæmi frá austanverðum Noregi standa sig betur en kvæmi frá norður Noregi.

Í tengslum við grisjunina er Lárus Heiðarsson skógræktarráðunautur að gera frekari mælingar og vinna úr þeim gögnum sem til eru og verður áhugavert að kynna þeim niðurstöðum þegar þær koma fyrir almennings-sjónir.



Grisjunarmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað, frá vinstri Reynir Stefánsson, Þorsteinn Þórarinnsson og Bjarki Sigurðsson. Ef tilnefnt væri í grisjunarlandsliði Íslands myndu þessi kappar allir vera í byrjunarliðinu, en þeir hafa áratugalanga reynslu af skógarvinnu (Mynd EG).



Jón Tryggvason frá Valþjófsstað staflar trjábolum á timburvagn (Mynd EG).

Rússlandsferð – Skógar, mannlíf og menning í Austurvegi

Ævintýraferð á upprunaslóðir Rússalerkisins

Skógræktarfélag Íslands hefur reglulega staðið fyrir kynnisferðum til annarra landa. Hafa verið skipulagðar ferðir til Skotlands, Austurríkis, Danmerkur, Alaska, Finnlands, Alaska, Írlands og nú seinast til Nýfundnaland. Þetta hafa verið fjölsóttar og vel lukkaðar ferðir sem leiða fólk yfirleitt um óhefðbundnar slóðir, fela í sér mikla náttúraskoðun, góða leiðsögn og viðkynningu heimamanna og er ætlað að sameina gagn og gaman.

Á næsta ári er komið að Rússlandi. Hyggst félagið standa fyrir ferð í haust með áherslu á vesturhluta Rússlands. Ætlunin er að byrja og enda ferðina í Pétursborg en ferðast upp að strönd Hvíta hafsins til Arkhangelsborgar. Á þeim slóðum eru vesturmörk útbreiðslu Rússalerkisins og áhugavert að ferðast um skóga og villta náttúru þessa svæðis. Hingað til ræktunar hefur borist töluvert af Rússalerki frá Arkhangelsk héraði sem hefur reynst afar vel.

Nú liggur ferðaáætlunin fyrir og tökum við á móti bókunum í ferðina.

Dagskrá

- 28. ágúst Flogið til Helsinki, ekið til Rússlands, gisti í Vyborg
- 29. ágúst Kirjálahéruðin, Raivola skógurinn, flogið til Arkhangelsk um kvöldið
- 30. ágúst Arkhangelsk
- 31. ágúst Arkhangelsk

- 1. september Arkhangelsk
- 2. september Arkhangelsk, flogið til St. Pétursborgar
- 3. september St. Pétursborg
- 4. september St. Pétursborg
- 5. september St. Pétursborg
- 6. september St. Pétursborg, beint flug til Keflavíkur.

Flogið er með Flugleiðum, brottför þann 28. ágúst er kl. 07:40 og heimkoma þann 6. september kl. 17:30.

Leiðsögn

Ferðin er skipulögð af Péttri Óla Péturssyni sem búsettur er í St. Pétursborg og er þaulvanur fararstjóri og ferðaskipuleggjandi og annast allar ferðir Flugleiða þangað. Hann mun verða leiðsögumaður í ferðinni ásamt rússnesku aðstoðarfólki sínu. Fararstjórar frá Skógræktarfélagi Íslands verða þeir Einar Gunnarsson og Jón Geir Pétursson.

Í þessari ferð, líkt og öðrum fyrri ferðum okkar, verður leitast við að hafa dagskána fjölbreytta og blanda saman gagni og gamni, náttúraskoðun, sögu og menningu, auk skóga og skógræktar.

Nokkrir hápunktar úr dagskrá ferðarinnar:

Vyborg
Kirjálahéruðin
Raivolalundur Péturs mikla, lerkiskógur frá árinu 1730.

Í ferðinni heimsækjum við Raivolaskóginn en lerkiskógurinn þar á sér einstaka sögu, sem rekja má aftur til Péturs mikla Rússakeisara. Skóginum var komið á legg fyrir um 260 árum og eru lerkitrén orðin sver og mikil. Þau gefa því hugsanlega forsmekkinn af því hvernig lerkiskógarir á Héraði muni líta út í framtíðinni, en þar hefur lerkifrá af Raivola stofni verið töluvert notað (Mynd JGP).



Í Arkhangelsk má nefna:
Arkhangelsk borg
Fljótið Dvína
Náttúraskógar Vestur- Síberíu
Rússalerki í sínum upprunalegu heimkynnum
Dreifbýli Rússlands
Skógrækt og nýting
Í St. Pétursborg má nefna:
Nevsky Prospekt
Virki Péturs og Páls
Legsteinar Rómanov keisaranna
Vetrarhöllin og Hermitage safnið
Skógræktarakademían í St. Pétursborg
Minnismerkið um 900 daga umsátrið um Leningrad
Peterhoff gosbrunnagarðurinn í nágrenni St. Pétursborgar
Fimm rétta eftirmiðdagsverður í Podvorija
St. Isaacs kirkjan

Í St. Pétursborg getur Pétur Óli einnig aðstoðað við að útvega miða á tónleika, ballett, óperur eða annað sem er á seyði í menningarborginni, allt eftir áhuga hvers og eins.

Verð

Verð ferðarinnar er um kr. 157.000 miðað við gengi dagsins fyrir gistingu í tvíbýli og gerist upp hjá okkur.

Verðið miðast við gengi Bandaríkjadollara að hluta. Hér hjá Skógræktarfélagi Íslands greiðast samsvarandi 1780 USD (119.245 krónur miðað við að gengi USD sé 67) en verðið miðast við gengi dollarans á greiðsludegi. Síðan kostar flugfarið með sköttum kr. 37.160, en það verð tekur ekki gengisbreytingum, samtals eru þetta rétt tæpar 157.000 krónur. Lokagreiðsla þarf að fara fram í síðasta lagi þann 1. júlí.

Fyrir einbýli þarf að greiða aukalega 270 USD eða um 18.000 krónur (gengi USD 67).

Verðið felur í sér:
Flugfar og skatta, innanlandsflug í

Rússlandi, vegabréfsáritun til Rússlands, gistingu og morgunverð á þriggja stjörnu hótélum, rútuakstur, fararstjórn og leiðsögn, túlkun, kynnisferðir, 7 hádegisverði og 5 kvöldverði, þar af 2 rússneskar stórveisur.

Ekki innifalið

Kvöldverður 28/8, 1/9, 2/9 og 4/9, hádegisverður 2/9 og 4/9, drykkir eða önnur persónuleg útgjöld. Forfallagjald á flugmiðana er kr. 1.200 á mann.

Ferðatryggingar

Nauðsynlegt er að vera með ferðatryggingar. Sé flugmiðinn greiddur með greiðslukorti fást tryggingar kortafyrirtækjanna. Hafið samband við viðkomandi kortafyrirtæki.

Staðfesting

Það er mikill áhugi á þessari ferð. Því biðjum við ykkur að staðfesta þátttöku í ferðinni hingað til okkar hjá Skógræktarfélagi Íslands sem fyrst með greiðslu á óafturkræfu 15.000 króna staðfestingargjaldi.

Vegabréfsáritun

Við sjáum um að útvega vegabréfsáritun fyrir hópinn. Fólk þarf að hafa gilt vegabréf og samkvæmt rússneska sendiráðinu þarf það að gilda í a.m.k. 6 mánuði fram fyrir brottfarardag. Það sjáði þið í vegabréfunum ykkar. Við þurfum að fá vegabréfin ykkar og passamynd hingað til að afgreiða áritanirnar og munum kalla eftir þeim þegar nær dregur.

Greiðslufyrirkomulag

Best er að gera ferðina upp með kreditkort. Við þurfum að fá kortanúmer og gildistíma við bókunina. Einnig er að sjálfsögðu hægt að staðgreiða ef þess er óskað.

Vinsamlega hafið samband við Hrefnu Einarsdóttur á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150 eða á netfangið skog@skog.is til að ganga frá staðfestingu og fá nánari upplýsingar.

Hér á ég heima

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

MIXA • fit

www.vinbud.is

VÍN BÚÐ
lífur, lærum & njótum

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flöskum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

HOLDUM LANDINU HREINU

SÓKNARHUGUR Í SKÓGRÆKTAR- MÁLUM Á GRUNDARFIRÐI

Uppi eru áform um verulegt átak í skógrækt í Grundarfirði. Skógræktarfélag Eyrarsveitar hefur staðið fyrir gróðursetningu í hljóðina fyrir ofan bæinn í nokkur ár, en nú sendur til að gera meira.

Sveitarfélagið Grundarfjörður hefur mikinn metn-



Myndir segja oft meira en mörg orð um árangur í skógrækt. Ofan við bæinn hefur Skógræktarfélag Eyrarsveitar stundað skógrækt. Þessar skemmtilegu myndir frá Grundarfirði með Kirkjufellið í baksýn, sýna hversu vel sitkagrenið vex þarna. Minni myndin var tekin árið 1992 og sýnir Arnór Kristjánsson frá Eyði, þá formanni skógræktarfélagsins, við unga greniplöntu. Stærri myndin var tekin núna í vetur í blóðinni og sýnir Gunnar Njálsson núverandi formanni félagsins við plöntur úr sama teig, sem heldur betur hafa sprett úr spori og vaxið áfallalaust þarna í mótunum. Þessi árangur gefur fyrirheit um áframhaldandi skógrækt þarna (Mynd frá 1992 BJ en mynd frá 2006 JGP).



Krakkarnir á Grundarfirði kunna orðið vel að meta skógin í upplandinu. Aukin skógrækt mun auka útivistarmöguleika svæðisins og veita skjól (mynd JGP)

að til að gera vel í umhverfismálum. Einn meiður þess er að takast á við ræktun græns trefils umhverfis núverandi byggð og væntanleg nýbyggingasvæði, en veruleg uppbygging hefur verið á Grundarfirði undanfarnin ár. Mun Skógræktarfélag Íslands taka að sér að skipuleggja þetta væntanlega skógræktarsvæði, sem taka mun

til heppilegs lands á útmörk bæjarins. Markmiðið er ræktun fjölbreytts, skjólmyndandi og aðgengilegs útivistarskógar á útmörk byggðarinnar.

Fylgja hér með nokkrar áhugaverðar svipmyndir af skógræktarstarfinu á Grundarfirði.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna 2006 komin!

Það borgar sig svo sannarlega að vera í skógræktarfélagi! Árgjaldið er afar lágt, eða á bilinu 1-2.000 kr. Félagsmenn styðja brýnt þjóðfélagsmálefni, eiga þess kost að taka þátt í þróttmiklu, gefandi starfi og fá fréttablað og fræðslubæklinga. Þá er ógetið eins trompsins sem félagsmenn hafa í hendi:

Allir félagsmenn í skógræktarfélagunum fá félagsskírteini sem veitir góðan afslátt hjá völdum aðilum gegn framvísun skírteinisins.

Þessi fyrirtæki veita skógræktarfélagsfólki afslátt:

Barri á Egilsstöðum 15%

Blómaval 10 %

Bræðurnir Ormsson 5-15 %

Ellingsen 10% (smávörur)

Frjó 10 %

Garðheimar í Reykjavík 10%

Gróðrarstöðin Kjarni á Akureyri 15%

Gróðrarstöðin Þöll í Hafnarfirði 15%

Húsasmiðjan 11 %

Skógræktarstöðin Ölur í Sólheimum í Grímsnesi 15%

Við hvetjum félagsmenn til að versla við þessa aðila og framvísa félagsskírteininu.

Þá þökkum við Olís sem styrkir útgáfu skírteinanna að þessu sinni.



Skógrækt er kostnaðarsöm, og því þarf að spara, og einn þáttur í því er að kaupa traust og ódýr ökutæki, sem eru ekki bara til að sýnast



Santana PS 10
9 manna



PS 10 með sturtum



Santana 350 TDi

Santana bílarnir eru þrautreyndir og ekki með neina barnasjúkdóma, þeir eru einnig sparneytnir, einfaldir í viðhaldi og ódýrir í innkaupi.

Eigum einnig á lager all flesta varahluti fyrir allar árgerðir af Land-Rover bifreiðum

SMR JARÐVEGSLÍM- EITT EFNI - VÍÐTÆK NOTKUN!

**Til festingar á uppistöðum
Vörn gegn uppblæstri
Endurbygging skurðbakka
Undirbygging bílastæða
Undirbygging gangstíga**

SMR er efni til fleiri nota en hægt er að telja upp, og það er ódýrt.

Kynntu þér málið hjá okkur



ÞAR SEM SKYNSAMLEGT ER AÐ VERSLA

Varahlutir ehf Smiðjuveg 4 A, Kópavogi. Sími: 587-1280

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
Arkís ehf, Aðalstræti 6
Bergiðjan, Vatnagörðum
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Feró ehf, Steinaseli 6
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Gjögur hf, Kringlunni 7
Grásteinn ehf, Fornhaga 22
Hagaskóli, Fornhaga 1
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20 og Bæjarhrauni 22
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
ISS Ísland ehf, Ármúla 40
Ísól ehf, Ármúla 17
KPMG endurskoðun hf, Borgartúni 27
Kristján Vídalín, skruðgarðyrkjumeistari, Barmahlíð 52
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Lúmex ehf, Skipholti 37
Lýsing hf, Suðurlandsbraut 22
Moldarblandan - Gæðamold hf, Vagnhöfða 25
Plastprent hf, Fosshálsi 15-17
Raftækning hf, Suðurlandsbraut 4
Rannsóknamiðstöð Íslands, Laugavegi 13
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Keldnaholti
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
S.P. Fjármögnun, Sigtúni 42
Samiðn, Borgartúni 30
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
SFR stéttarfélag í almannajónustu, Grettisgötu 89
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
Skógræktarfélag Reykjavíkur, Elliðavatni
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sæpór ehf, Smiðshöfða 21
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tónsport ehf, Lágmúla 4
Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Skúlagötu 19
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
VBS fjárfestingabanki hf, Suðurlandsbraut 18
Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9
Verðbréfasráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
Verkfræðistofan Fjölhönnun, Stórhöfða 27
Vélaver hf, Lágmúla 7
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þór Snorrason, skruðgarðyrkjumeistari, Hverafold 32

Seltjarnarnes
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18

Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf, Skemmuvegi 16
Bíljöfur ehf, Smiðjuvegi 34
Borgarvirki ehf, Hjallabrekku 22
Byggðapjónustan ehf, Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvamm, Vatnsenda
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kópavogsbær, Fannborg 2
Reynir bakari, Dalvegi 4
Smári Guðmundsson, garðyrkjufræðingur, Þinghólsbraut 1
sportnet.is, Funalind 2
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær
Blómaverslunin Garðaból, Garðatorgi
Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi 7
Fag-val ehf, Smiðsbúð 4
Suðurtún ehf, Súlunesi 12

Hafnarfjörður
Austurvöllur ehf, Rauðhelli 1
Fura ehf, Hringhelli 4
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Polarolje, sími 6987999, Heiðvangi 26
Trégaur ehf, Suðurgötu 31

Keflavík
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12
Ráin, veitingasala, Hafnargötu 19
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Íslenskur markaður ehf, Leifsstöð

Grindavík
Þorbjörn Fiskanes hf, Hafnargötu 12

Garður
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Njarðvík
Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19
Verkfræðistofa Njarðvíkur, Brekkustíg 39

Mosfellsbær
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar, Grundartanga 1

Akranes
Blikksmiðja Guðmundar J Hallgrímssonar ehf, Akursbraut 11b
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 28
GT Tækni ehf, Grundartanga
Hvalfjarðarstrandarhreppur, Hlöðum
Markstofa ehf, Merkigerði 18
Skilmannahreppur, Innri Melur 2

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Búvangur ehf, Brúarlandi
Hvítársíðuhreppur, Sámsstöðum

Kolbeinsstaðahreppur, Ásbrún
Laugaland hf, Laugalandi
Límtré Vírnet ehf, Borgarbraut 74
Skorradalshreppur, Grund
Skógræktarfélag Borgfirðinga, Brúarlandi

Snæfellsbær
Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli,

Ísafjörður
Félag eldri borgara Ísafirði, Garðavegi 2
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Eyrargötu 2-4
Hólmborg ehf, Urðarvegi 35
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
Mjólkursamlag Ísfirðinga, Sindragötu 2

Bolungarvík
Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16
Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Djúpmar ehf, Völusteinsstræti 4
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3
Tigur ehf, Holtagötu 25

Flateyri
Hrafnseyrarnefnd, Grundarstíg 2

Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Þingeyri
Gistihúsið við Fjörðinn, Vallargötu 15

Blönduós
Blönduósbær, Húnabráut 6
Búnaðarfélag Engihlíðarhrepps, Hvammi

Skagatrönd
Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1

Varmahlíð
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður
Egilssíld ehf, Lækjargötu 13
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24

Akureyri
Gróðrastöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34

Dalvík
Daltré ehf, Bjöggvisstöðum

Húsavík
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6
Orkuveita Húsavíkur, Ketilsbraut 9

Laugar
Þingeyjarsveit, Kjarna

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ER ÞÁTTTAKANDI Í EVRÓPSKU SAMSTARFSVERKEFNI UM ÚTIVISTARSKÓGA

Ísland er aðili að COST samstarfi Evrópusambandsins, “Evrópusamstarfi á sviði vísinda- og tæknirannsókna”. Tekur það samstarf til margra sviða og er skógrækt eitt þeirra. Innan skógræktar starfa síðan nokkrar ólíkar COST áætlanir og ein þeirra fjallar um útivistarskóga (COST nr. 33).



Bæjarar eru góðir heim að sækja og klæðast gjarna þjóðbúningum, líkt og þessi herramaður. Skúfurinn á hattinum hefur mismunandi liti eftir hjúskaparstöðu og táknar þessi litur að barna fari giftur maður (Mynd JGP).

Tekur Skógræktarfélag Íslands þátt í þeirri áætlun og situr Jón Geir Pétursson í verkefnisstjórn áætlunarinnar og er í einum vinnuhópi verkefnisins ásamt Sherry Curl frá Skógrækt ríkisins. Jafnframt starfa Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt og Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, í vinnuhópum áætlunarinnar. Starf í COST verkefnum er borgað úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins.



Fjöllin umhverfis Garmish-Partenkirchen eru mörgum kunn sem skíðasvæði. Skógar svæðisins eru hins vegar vinsælir til útivistar allan ársins hring (mynd JGP).

Áætluninni er stjórnað af Simon Bell, Skota sem margir hér á landi þekkja en hann er einn helsti sérfræðingur Evrópu í öllu því er lýtur að aðlögun skóga að landslagi. Alls taka um 70 sérfræðingar frá 22 Evrópuríkjum þátt í áætluninni.

Eitt meginverkefni skógræktarfélaganna í landinu er uppbygging útivistarskóga, ekki síst í tengslum við þéttbýli. Því höfum við af töluverðri reynslu og þekkingu að miðla í evrópsku samhengi, jafnframt því sem við getum sótt mikinn fróðleik í þeim efnum til annarra Evrópuríkja.

Um alla norðan— og vestanverða Evrópu er þróunin sú, að útivistarhlutverk skóganna fer mjög vaxandi. Kallar það í mörgum tilvikum á nýja hugsun hjá þeim sem fara með skógstjórn á viðkomandi svæði. Í skóglausum löndum kallar það á aukna skógrækt, líkt og í Danmörku og Bretlandi þar sem ríkið

kaupir nú upp allt aflögufært land nærri borgum og bæjum til að stunda útivistarskógrækt. Einnig koma upp afar margvísleg viðfangsefni sem lúta að aðgengi almennings að skógum, lagalegum rétt til að ferðast um skóga, vilja og væntingum ólíkra notendahópa, mismunandi áherslum í uppbyggingu og innviðum svo nokkuð sé nefnt.

Á vegum verkefnisins er nú unnið að því að safna saman upplýsingum varðandi stöðu mála í útivistarskógrækt í Evrópu. Þannig verður til mikill banki upplýsinga sem leggja á til grundvallar við stefnumótun Evrópusambandsins á þessu sviði.



Þátttakendur í verkefninu koma frá 22 Evrópuríkjum og funda tvisvar á ári. Síðasti fundur hópsins var í Þýskalandi, nánar tiltekið í bæversku ölpunum og er þessi mynd af hópnum í fallegu skógi vöxnu umhverfi fjallanna (Mynd JGP).

Verkefnið er með heimasíðu <http://www.openspace.eca.ac.uk/costE33> þar sem nú þegar er búið að birta töluvert af áhugaverðu efni um útivistarskóga.



Að mörgu er að hyggja í útivistarskógum. Hér er verið hættumeta gömul beykitré, sem eru að falli komin og geta hugsanlega valdið hættu á göngustígnum í skóginum (Mynd JGP).

TÍMAMÓT Í VINNU VIÐ GRÆNA TREFILINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar-, uppgræðslu- og útivistarsvæði ofan byggðar á höfuðborgarsvæðinu, frá Undirhlíðum í suðri, til Kjálarness í norðri, að efri skógar-mörkum á heiðum í austri.

Uppbygging þessa svæðis hefur verið meginverkefni skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um áratugaskeið. Græna treflinum er ætlað fjölþætt hlutverk, m.a. að skýla byggð og mannlífi, græða upp illa gróin og röskuð svæði og bæta aðstöðu íbúanna til útivistar. Þarna fer nú þegar fram afar fjölbreytt útivist, í umgjörð skóglenda skógræktarfélaganna, sem eykur verulega lífsgæði íbúa þessa fjölmenna svæðis.

Þannig sameinast á Græna treflinum markmið varðandi skýlingu byggðar, umhverfisvernd og sjálfbæra þróun, auk bættrar lýðheilsu almennings.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, frá árinu 2002, er fjallað sérstaklega um mikilvægi svæðisins og þess að unnið sé skipulega að ræktun og uppbyggingu þess. Jafnframt er það talið vera “eitt af höfuðmarkmiðum svæðisskipulagsins að varðveita og endurbæta Græna trefilinn.”

Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið eftir hugmyndinni um “Græna trefilinn” um árabíl. Hugmyndina þarf hins vegar að vinna áfram þannig að ljóst sé um hvaða landssvæði sé að ræða og hver áhersluatriðin skulu vera. Einnig þarf að skapa heildarsýn á hvernig tengja meg svæðin saman með neti göngu-, reið- og hjólræðastíga og huga að merkingum. Því er víðtækt samráð fjölmargra hagsmunadila nauðsynlegt til að ná árangri í þessu verkefni.


Skógræktarfélag Íslands hafði frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa

skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til fundar um Græna trefilinn. Hefur þannig orðið til fjölmennur starfshópur sem hefur unnið að málinu. Í kjölfar þess lagði Samband sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu fram 1,5 milljónir króna til þess að vinna að stefnumörkun og framgangi verkefnisins. Því er ekki annað hægt að segja en að góður skriður sé kominn á málið og að vilji sé til þess að taka höndum saman um frekari uppbyggingu þessa mikilvæga svæðis.



Græni trefillinn er samheiti yfir ræktunar- og útivistarsvæðin á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Nú er komið annað hljóð í strokkinn: Þögn...



HLENSKA AÐGÆFINGAÐAFANIS/IS. IDP 31423 8/2004

Prius - Framtíðin hefst í dag



Forfeður okkar fundu upp hjólið en nú hefur Hybrid-kerfið verið fundið upp: Lykillinn að umhverfisvænum þægindum í akstri. Með Hybrid-kerfinu er Prius bæði knúinn bensínvél og rafmagnsvél. Í hægum akstri og þegar numið er staðar ræður rafmagnsvélin

ríkjum. Þetta veldur því að bíllinn er afar hljóðlátur, ótrúlega sparneytinn og með útblástur í lágmarki. Þeir bjartsýnu og framsæknu sjá framtíðina fyrir sér sem veröld þæginda í heilbrigðu umhverfi. Komdu og reynsluaktu Prius. Hann er framtíðin.

Verð: **2.440.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**